

Málsnúmer: 19010270
Málalykill: 220929
Bréfalykill: 13310

29.9.2022

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sálfræðingafélags Íslands
og
Reykjavíkurborgar**

Fundur samstarfsnefndar Sálfræðingafélags Íslands og Reykjavíkurborgar var haldinn rafrænt í Microsoft Teams þann 29. september og hófst kl. 10:00.

Fundinn sátu: Anna María Frímansdóttir f.h. Sálfræðingafélags Íslands. Rakel Guðmundsdóttir, Einar Geir Þorsteinsson, f.h. Reykjavíkurborgar.

1. PMTO meðferðarmenntun

PMTO meðferðarmenntun fór af stað haustið 2018 á vegum Endurmenntunar HÍ í samstarfi við sálfræðideild HÍ og Miðstöð PMTO. Námið er metið til 60 ECTS eininga og er ætlað fólki sem hefur lokið eða stundar framhaldsnám í háskóla í sálfræði, félagsráðgjöf eða hliðstæðum fögum.

Aðilar eru sammála um að heimilt er að meta námið sem diplómanám samkvæmt gr. 1.2.2.4 í kjarasamningi aðila enda hafi starfsmaður lokið náminu og það nýtist í starfi. Framangreint tekur gildi frá og með 1. október 2022. Þau sem luku PMTO námi fyrir árið 2018 geta fengið námið metið með sambærilegum hætti.

Tvítalning eininga/fræðslustunda og handleiðslutíma er ekki heimiluð og því skal námið einungis metið til viðbótarlauna á grundvelli gr. 1.2.2.4 hafi það ekki þegar verið metið til viðbótarlauna á grundvelli sérfræðiviðurkenningar og samkvæmt beiðni félagsmanns þar um.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.